

Hvað er FAL?

Læknafélag Íslands (LÍ) er stéttarfélag lækna. Innan LÍ starfa fjögur “aðildarfélög” sem sinna hagsmunagæslu sinna félagsmanna bæði innan LÍ og utan þess.

Félag almennra lækna (FAL) er aðildarfélag “almennra lækna” - það er lækna sem eru ekki með sérfræðileyfi. Læknar sem tilheyra FAL eru flestir í sérnámsgrunni eða í sérnámi. Félagið telur nærri 500 félagsmenn og er stærsta aðildarfélag LÍ. Þar að auki geta læknanemar eftir 4. ár fengið aukaaðild að LÍ og FAL.

Hvað gerir FAL?

Vinna FAL fer fram í þremur nefndum, auk stjórnar FAL:

Hagsmuna- og samninganefnd: Vinnur að málum sem tengjast kjarasamningum lækna, en FAL á tvo fulltrúa í samninganefnd LÍ. Sinnir jafnframt hagsmunagæslu fyrir félagsmenn FAL, t.d. að kjarasamningar séu virtir og málum tengdum vinnuskilyrðum og starfsumhverfi.

Fræðslunefnd: Skipuleggur fræðslukvöld fyrir félagsmenn og kemur að undirbúningi Læknadaga.

Skemmtinefnd: Skipuleggur viðburði fyrir félagsmenn, bæði minni viðburði og GalaFAL sem er nokkurs konar árshátíð félagsins.

Stjórn FAL

Í stjórn FAL sitja fulltrúar sem eru kjörnir á aðalfundi félagsins. Stjórnin fundar reglulega til að ræða mikilvæg málefni félagsins og taka til aðgerðar til að tryggja hagsmuni félagsmanna. FAL á einnig tvo fulltrúa sem sitja í stjórn LÍ. Hægt er að senda erindi til stjórnar FAL á fal@fal.is

Stjórn félagsins 2022-2023 skipa:

Sólveig Bjarnadóttir, formaður og fulltrúi í stjórn LÍ - formadur@fal.is

Sigrún Jónsdóttir, varaformaður

Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, ritari

Teitur Ari Theodórsson, gjaldkeri og fulltrúi í stjórn LÍ

Helga Þórsdóttir

Oddný Ómarsdóttir

Stella Rún Guðmundsdóttir

Thelma Kristinsdóttir

Þórdís Þorkelsdóttir

Áheyrnarfulltrúar frá Félagi læknanema (FL) í stjórn FAL eru Ingi Pétursson og Daníel Pálsson.

Get ég verið í FAL?

Allir meðlimir í LÍ geta skráð sig í FAL. Félagsgjöld eru 5.000 kr og eru rukkuð einu sinni á ári. Ef þú ert meðlimur LÍ og vilt gerast meðlimur FAL, þá er einfaldast að senda póst á lis@lis.is

Við hvetjum alla félagsmenn til að ganga í Facebook hópinn “Félag almennra lækna (FAL)” og fylgjast með starfsemi félagsins þar og á Instagram síðu félagsins.